



Tómas Helgason

AÐFERÐAFRÆÐILEGUR VANDI VIÐ KANNANIR Á ÁFENGISNEYSLU

Samanburður á niðurstöðum póstkönnunar
1984 og símakönnunar 1985

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er fjallað stuttlega um aðferðafræðilegan vanda í sambandi við kannanir á áfengisneyslu og misnotkun. Svipaður vandi getur verið uppi ef kanna á ýmis viðkvæm atriði í lífi fólks. Vandinn er athugaður frekar með því að bera saman nokkrar niðurstöður úr tveimur nýlegum könnunum á áfengisneyslu, annars vegar bréflægri póstkönnun frá 1984, og hins vegar símakönnun Hagvangs, sem framkvæmd var ári síðar. Í símakönnuninni, sem var hluti af spurningavagni Hagvangs, voru mun færri spurningar um áfengi en hins vegar var spurt um ýmislegt annað óviðkomandi. Hærra svarhlutfall fékkst með símakönnuninni, bæði í heild og við einstökum spurningum sem hægt var að svara með einu orði, en tilhneiging var til að gera minna úr vandamálu og e.t.v. til að giska á þægilegar tölur. Þrátt fyrir lægri svarprósentu og meira innra brottfall gefur póstkönnunin líklega réttari mynd af neysluvenjum og misnotkunareinkennum, en niðurstöður símakönnunarinnar varðandi heildarneysluna eru mun nær því sem kemur fram í söluskýrslum.

INNGANGUR

Þegar lokið var gagnasöfnun í rannsókn á áfengisneysluvenjum 1984 og ljóst var að 40% þeirra, sem fengu spurningalistana senda, svöruðu ekki þrátt fyrir ítrekanir var sýnt, að nauðsynlegt væri að gera einhverja athugun á áreiðanleika þeirra niðurstaðna sem fengust. Fyrri athuganir hafa sýnt gildi rannsókna til þess að fá mynd af áfengisneysluvenjum fólks (1), hvort sem þær hafa verið framkvæmdar með spurningalistum, sem sendir hafa verið í pósti, eða með persónulegum viðtölum. Að vísu er myndin nokkuð smækkuð því að áfengismagn, sem svarendur segjast neyta, er ekki nema 40%-50% af því áfengismagni sem selt er í viðkomandi landi samkvæmt opinberum

skýrslum (2). Flestar hinar viðtækari kannanir hafa verið framkvæmdar annað hvort með spurningalistum, sem sendir hafa verið í pósti, eða með persónulegum viðtölum. Margir hafa talið að viðtalskannanirnar væru öruggari og gæfu betri upplýsingar. Aðalkostir þeirra eru, að vitað er nákvæmlega hvort sá svarar sem til er ætlast og hægt er að fylgja einstökum spurningum eftir og gæta þess betur að öllum spurningum sé svarað. Viðtölin eru hins vegar kostnaðarsöm vegna mannafla sem þarf til að framkvæma þau. Nauðsynlegt er að spyrnlarnir séu þjálfaðir í að leggja spurningar fyrir með ákveðnum hætti og læri hvers konar svör eru gild. Persónuleg viðtöl kunna að vera sumum óþægileg og því hætta á að ekki séu gefin rétt svör um viðkvæm efni. Hægt er að bæta úr ófullnægjandi svörum við einstökum spurningum á spurningalistum, ef aðstaða er til að láta fara yfir listana og hafa síðan samband við þá sem svöruðu, til að óska fyllri upplýsinga. Slíkt er kostnaðarsamt og kann að brjóta í bága við tölvulögin.

Áður en hafist var handa um áfengisneyslukannanirnar 1972 og 1974 reyndum við bæði viðtöl og spurningalista. Fljótt kom í ljós, að viðtöl við nægan fjölda kommu ekki til greina vegna kostnaðar og var því ákveðið að nota spurningalista sem fólk svaraði sjálf. Í Svíþjóð hafa verið kannaðar áfengisneysluvenjur hjá tveim sambærilegum 506 manna hópum á aldrinum 15-70 ára (3). Annar hópurinn fékk spurningalista í pósti og átti að senda þá til baka með sama hætti, en spyrjar lögðu svörin fyrir hinn hópinn. Niðurstöður þessarar athugunar voru í samræmi við niðurstöður sumra annarra að bréflegu spurningalistarnir dygðu til að safna gögnum til að lýsa ákveðnum atriðum, þrátt fyrir þá annmarka sem áður eru nefndir og hefðu líka vissa kosti fram yfir viðtölin hvað varðar spurningar um viðkvæm atriði.

Mörgum er það vafalítið viðkvæmt að veita nákvæmar upplýsingar um áfengisneyslu. Þess

vegna hafa sumir talið að fleiri fengjust til að svara og gæfu betri upplýsingar, ef spurningum um áfengi væri blandað innan um aðrar spurningar. Aðrir hafa ekki talið þetta skipta neinu og jafnvel ósiðlegt að reyna að fela tilgang rannsókna (4).

Af hagkvæmisástæðum reyndum við á sínum tíma að fá samvinnu við aðra stóra heilsufarskönnun, en tókst ekki. Hvort tveggja var, að sá spurningalisti var þegar mjög stór og að aðstandendur þeirrar könnunar töldu spurningar um áfengisneyslu fráhrindandi fyrir væntanlega þátttakendur.

Því var gengið beint til verks með bréflægri könnun á áfengisneysluvenjum 1972 til 1974. Svarhlutfallið reyndist um 80% (5), sem telja verður mjög gott. Með því að bera saman aldurs- og kyndreifingu þeirra sem svöruðu og ekki svöruðu, var hægt að gera ráð fyrir að svörin gæfu góða mynd af áfengisneysluvenjum þess hóps, sem rannsóknin tók til. Þó kom í ljós við eftirgrensulan, að hlutfallslega fleiri höfðu leitað meðferðar í hópnum sem ekki svaraði og einnig hafði lögreglan haft afskipti af fleirum í þeim hópi vegna ölvunar á almannaferi (6). Þá er og augljóst að þeir, sem eru sjúkir og hamlaðir á annan hátt, hljóta að vera fleiri í hópnum sem ekki svarar. Þannig verða allar tölur um misnotkun eða sjúkleika, sem fást fram með rannsóknum af þessu tagi, lágmarkstölur.

Á árinu 1979 var á ný framkvæmd rannsókn meðal hópsins sem svaraði 1974 og nú svöruðu tæp 79% þeirra, sem fengu spurningalista senda eftir ítrekanir, bæði bréflugar og í gegnum síma (7). Búast hefði mátt við enn hærra svarhlutfalli af því að hér var um að ræða fólk, sem áður hafði verið fúst til þátttöku. Ekki náðist til 6% og 7,5% neituðu að svara aftur. Um svipað leyti var framkvæmd önnur könnun á áfengisneysluvenjum hér á landi sem var hluti af norrænni könnun á áfengisneysluvenjum (8). Hún var framkvæmd með nokkud öðrum hætti og ætlað að tryggja svarendum enn meiri nafnleynd en fólst í drengskaparloforði þeirra, sem stóðu að fyrrnefndu rannsóknunum. Þetta hafði það í för með sér, að ekki var hægt að ítreka beiðnir um svör sérstaklega til þeirra sem ekki svöruðu, heldur þurfti að senda öllum hópnum ítrekunarbref. Með þessari aðferð fengust ekki svör nema frá 63% hópsins.

Loks var, eins og áður segir, framkvæmd enn ein könnun hjá öllum sem voru í upphaflega úrtakinu

1984 og bætt við hlutfallslega jafn mörgum nýjum í hópinn sem var á aldrinum milli tvítugs og þrítugs (9). Þrátt fyrir að reynt væri að beita sömu aðferðum og 1974 til að fá fólk til að svara, varð svarhlutfallið miklum mun lægra en áður. Meðal hugsanlegra skýringa á því, hversu lágt svarhlutfallið var 1984, er almenn tregða fólks til að taka þátt í spurningalistakönnunum og aukin varkárni fólks gagnvart ýmis konar hnýsni rannsóknarmanna og hugsanlega skortur á trausti til þeirra. Rannsóknin 1972 til 1974 var með fyrstu meiri háttar rannsóknum hér á landi þar sem sendir voru spurningalistar í pósti til tilviljunarúrtaks fólks í þjóðskrá. Síðan hafa verið framkvæmdar mjög margar kannanir á vegum ýmissa aðila á hinum ólíkustu efnum þar sem jafnvel kennarar í framhaldsskólum hafa fengið nemendum sínum verkefni sem fólgin voru í því að leita eftir upplýsingum hjá fólki.

Á síðustu árum hafa ýmsir tekið upp símakannanir, sem eru fljótvirkari en beinar viðtalskannanir og bréflugar kannanir. Beinar viðtalskannanir eru mjög kostnaðarsamar, en símakannanir hins vegar ópersónulegar og veita fólki ekki svigrúm til umhugsunar og henta illa fyrir langa spurningalista. Þær henta best til að fá svör við spurningum, sem eru hnitmiðaðar og hægt að svara með já eða nei eða einu orði, án umhugsunar. Í nýlegri rannsókn (10) á mismunandi aðferðum við heilsufarskannanir kom í ljós, að aðalmunurinn var að innra brottfall í bréflægri könnun var meira en í símakönnun og persónulegu viðtali en kostnaður við tvær síðari aðferðirnar var mun meiri. Í annarri aðferðafræðilegri athugun kom í ljós, að spurningum um viðkvæm atriði var frekar svarað í pósti en í síma eða persónulegu viðtali (11).

Til þess að fá hugmynd um áreiðanleika þeirra niðurstaðna, sem fengust með póstkönnuninni 1984, voru settar nokkrar spurningar um áfengisneyslu í spurningavagn Hagvangs í júní til júlí 1985 og er ætlunin að gera nokkra grein fyrir þeirri athugun hér og bera saman við póstkannanirnar.

Við athugun á því hvort dreifing svara við spurningum um tegundir, magn og tíðni áfengisneyslu sé eins í könnunum er notað chi-kvaðrat próf. Í sumum dreifingunum eru einnig reiknuð samtíma vikmörk eftir Bonferoni ójöfnu (12). Samtíma vikmörk (simultaneous confidence limits) eru vikmörk á margvíðri færribreytu (parameter (a1, a2, a3,...)). Þau taka tillit til þess að hlutfallið í hverjum hóp er metið

Tafla I. Samanburður á þátttöku (a) í póstkönnunum 1974 og 1984 við símakönnun 1985 og samanburður á innra brottfalli (b), þ.e. fjölda svara sem vantar hjá þátttakendum við einstökum spurningum um neyslu og einkenni sem benda til misnotkunar.

| Aldur | Póstkönnun | | | | Símakönnun | |
|---|------------|------|--------|------|------------|------|
| | 1974 | | 1984 | | 1985 | |
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| a. Þátttaka | | | | | | |
| Úrtak | 3.016 | | 4.320 | | 1.000 | |
| Svör alls | 2.417 | 80,1 | 2.593 | 60,0 | 770 | 77,0 |
| Neyta áfengis | 1.977 | 81,8 | 2.253 | 86,9 | 628 | 81,6 |
| b. Innra brottfall | | | | | | |
| Upplýsingar vantar um tíðni áfengisneyslu | 30 | 1,5 | 193 | 9,0 | 6 | 1,0 |
| - venjulegt magn | 126 | 6,4 | 216 | 9,6 | 57 | 9,1 |
| - eigið vandamál | 27 | 1,4 | 68 | 3,0 | 4 | 0,6 |
| - stjórnleysi | 35 | 1,8 | 74 | 3,3 | 3 | 0,5 |
| - afréttari | 133 | 6,7 | 159 | 7,1 | 3 | 0,5 |
| - leitað aðstoðar vegna neyslu | - | - | 52 | 2,3 | 2 | 0,3 |

samkvæmt rannsókninni, sem verið er að fjalla um. Ef hlutfallið í einhverjum hópnum væri þekkt fyrirfram væru vikmörkin minni en fram kemur með þessari aðferð.

EFNIVIÐUR

Póstkönnunum 1974 og 1984 er áður lýst (5, 9). Úrtakið 1974 var valið með leyfi Hagstofu Íslands og aðstoð Reiknistofu Háskólans og viðbótarúrtakið 1984 á sama hátt, en áður var fengið leyfi tölvunefndar sem sett hafði verið á stofn með lögum frá 1981 (13). Í úrtakinu 1984 voru 4320 manns á aldrinum 20-59 ára, en svör fengust frá 2593. Látnir voru 2%, en 5% voru erlendis eða með óþekkt heimilisfang og 13% neituðu að svara. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að fá svör eða skýringar frá 20%.

Úrtakið í spurningavagni Hagvangs var þúsund manns, 18 ára og eldri, sem teknir voru samkvæmt tilviljun úr þjóðskrá. Aðeins 10 spurningar um áfengisneyslu voru í spurningavagninum. Spurningarnar voru samdar af höfundi þessarar greinar, en lagðar fyrir fólk í úrtakinu af spýrlum Hagvangs með símtali.

Í úrtaki Hagvangs reyndust 5 látnir, 14 sjúkir eða vangefnir og 57 fjarverandi. Svör fengust frá 770 þeirra, sem spurningunum var beint til, og svarprósentan af heildarúrtakinu þannig 77%, þar af 637 á aldrinum 20-59 ára. Þessi hópur er notaður við samanburð á niðurstöðum kannananna.

NIÐURSTÖÐUR

Svarhlutfallið í könnuninni 1984 var mun lægra

Tafla II. Áfengisneysla 20-59 ára fólks í hundraðshlutum árin 1984 og 1985.

| | Póstkönnun 1984 | Símakönnun 1985 |
|--------------------------|--------------------|--------------------|
| Neyta áfengis | 86,9 | 84,6 |
| Neyta ekki áfengis | 13,1 | 15,4 |
| Samtals | 100% | 100% |
| Fjöldi svara samtals | 2.593 | 637 |
| $\chi^2 = 2,253$ | $df = 1$ | $0,1 < p \leq 0,2$ |

en 1974. Jafnframt voru fleiri svör ófullkomin, þ.e. ýmsir svarenda svöruðu ekki öllum spurningunum sem lagðar voru fyrir. Í rannsókninni 1974 var svarhlutfall þeirra, sem neyta áfengis, við einstökum spurningum um áfengisneysluna eða vandamál, sem af henni leiðir, 93,3% til 98,6%, en 1984 var þetta svarhlutfall 90,4% til 97,7%. Innra brottfall hafði þannig aukist vegna þess að spurningalistarnir, sem sendir voru til baka voru ekki nægjanlega ítarlega útfylltir. Í símakönnun Hagvangs var innra brottfallið hins vegar mjög lítið, þ.e.a.s. 1% eða minna við allar spurningar nema um magn, sem neytt er venjulega. Þar var innra brottfallið svipað og í póstkönnuninni, um 9% (sjá töflu I). Í póstkönnuninum vantar áberandi flest svör við spurningum þar sem reynir á minni til að telja fram magn og tíðni. Innra brottfallið var meira 1984, sérstaklega hvað varðar tíðni neyslu.

Í töflu II er borinn saman fjöldi áfengisneytenda

samkvæmt niðurstöðum þessara tveggja kannana meðal þeirra, sem eru á aldrinum 20-59 ára og kemur þá í ljós að hann er mjög svipaður eða 85-87% af fólkinu.

Í töflu III er borin saman aldursdreifing áfengisneytenda 1984 og 1985 og er hún mjög svipuð.

Í báðum könnunum var á sama hátt spurt um tíðni áfengisneyslu og er dreifingin sýnd á töflu IV. Þar kemur í ljós að samkvæmt símakönnuninni eru hlutfallslega fleiri, sem telja sig neyta áfengis einu sinni í mánuði heldur en samkvæmt póstkönnuninni, og á móti telja hlutfallslega færri sig neyta áfengis sjaldnar en einu sinni í mánuði 1985 en 1984. Munurinn á svörum við þessum tveimur liðum skýrir hinn tölfræðilega mun sem er á dreifingunni.

Á töflu V er sýnd dreifing áfengisneytenda á aldrinum 20-59 ára eftir því hversu mikils magns þeir neyta í hvert skipti samkvæmt könnunum 1984 og 1985. Á þessari töflu sést að hlutfallslega færri eru í hópi þeirra, sem drekka minna en tólf

Tafla III. Aldursdreifing áfengisneytenda í hundraðs-hlutum árin 1984 og 1985.

| Aldur | Póstkönnun 1984 | Símakönnun 1985 |
|----------------------|-----------------|-----------------|
| 20-29 ára | 34,0 | 33,8 |
| 30-39 ára | 31,8 | 32,3 |
| 40-49 ára | 19,3 | 18,9 |
| 50-59 ára | 14,9 | 15,0 |
| Samtals | 100% | 100% |
| Samtals fjöldi svara | 2.253 | 539 |
| $\chi^2 = 0,7$ | df = 3 | p ≈ 0,85 |

Tafla IV. Hlutfallsdreifing áfengisneytenda á aldrinum 20-59 ára eftir tíðni neyslu árin 1984 og 1985 og 95% vikiörk.

| Tíðni | Póstkönnun 1984 | Símakönnun 1985 |
|-------------------------|------------------|------------------|
| Nokkrum sinnum í viku | 3,4 (2,4-4,4) | 3,0 (1,2-4,8) |
| Einu sinni í viku | 8,9 (7,3-10,5) | 8,4 (2,0-14,7) |
| Nokkrum sinnum í mánuði | 25,2 (22,7-27,7) | 26,3 (21,4-31,2) |
| Einu sinni í mánuði | 16,4 (14,3-18,5) | 24,0 (19,3-28,7) |
| Sjaldnar | 46,1 (43,3-48,9) | 38,4 (33,3-43,8) |
| Samtals | 100,0 | 100,1 |
| Samtals fjöldi svara | 2.050 | 537 |
| $\chi^2 = 20,075$ | df = 4 | p ≤ 0,001 |

Tafla V. Hlutfallsdreifing áfengisneytenda 20-59 ára eftir hve mikið (fjöldi skammta) þeir drekka venjulega í einu og 95% vikiörk.

| Skammtar | Póstkönnun 1984 | Símakönnun 1985 |
|-----------------------|------------------|------------------|
| 1-4 | 45,2 (42,4-48,0) | 38,0 (32,5-43,5) |
| 5-11 | 38,6 (35,9-41,3) | 33,7 (28,4-39,0) |
| 12-23 | 12,4 (10,6-14,2) | 20,9 (16,3-25,5) |
| 24+ | 3,8 (2,7-4,9) | 7,3 (4,4-10,2) |
| Samtals | 100,0 | 100,1 |
| Fjöldi svara | 2.037 | 492 |
| Meðalfjöldi skammta | 6,9 | 8,5 |
| Staðalvilla meðaltals | 0,14 | 0,37 |
| Miðgildi skammta | 5,5 | 7,0 |
| $\chi^2 = 38,67$ | df = 3 | p ≤ 0,001 |

Tafla VI. Reiknuð meðalársneysla þeirra sem drekka á aldrinum 20-59 ára í lítrum etanóls árin 1984 og 1985 miðað við að hver áfengisskammtur sé 12-16 ml af etanóli svarandi til 30-40 ml skammta af sterku áfengi og skráð sala áfengis hjá ÁTVR á ári á mann 15 ára og eldri.

| | Karlar | Konur | Samt. | Skráð sala |
|-----------------|---------|---------|---------|------------|
| Póstkönnun 1984 | 3,4-4,5 | 1,0-1,3 | 2,2-3,0 | 4,49 |
| Símakönnun 1985 | 4,1-5,5 | 1,3-1,7 | 2,8-3,8 | 4,34 |

skammta í hvert skipti 1985, en fleiri í hópnum sem drekkur tólf skammta og meira í hvert skipti. Meðalskammtafjöldinn í hvert skipti er greinilega hærri 1985 en 1984, svo að munurinn er tölfræðilega marktækur. Miðgildið er einnig hærri 1985 en 1984, þó að það sé ekki eins viðkvæmt og meðalgildið fyrir ýkjum. Svarendur virðast gera misjafnlega úr neyslu sinni eftir því hvort spurt er persónulega eða bréfliga.

Tafla VI sýnir reiknaða meðalársneyslu af hreinum vínanda á mann eftir kyni miðað við 30 eða 40 ml skammta af sterku áfengi og sölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á íbúa á ári. Samkvæmt báðum könnunum er ársneysla karla þrisvar sinnum meiri en ársneysla kvenna. Samkvæmt símakönnuninni er ársneyslan á mann fjórðungi meiri en samkvæmt póstkönnuninni og mun nær því sem söluskýrslur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins gefa til kynna. Miðað við fjölda áfengisneytenda gefur fólk upp 43-58% af ársneyslunni í póstkönnuninni en 55-74% í símakönnuninni, sem er heldur hærri hlutfall en upp var gefið í norrænu áfengiskönnuninni 1979 (8).

Aðeins 2,8% þeirra, sem neyttu áfengis 1985, töldu fram neyslu á áfengu öli, þegar spurt var hversu mikið þeir drykkju venjulega í einu, en aðeins 0,6% drukku eingöngu áfengt öl. Í póstkönnuninni 1984 sögðust 2,2% neytendanna venjulega eingöngu drekka áfengt öl. Marktækur munur er á dreifingu neytenda í þessum tveim könnunum eftir því hvaða tegund áfengis þeir drekka venjulega (tafla VII). Kemur hann aðallega fram þannig að tveir þriðju hlutar neytenda drekka venjulega eingöngu sterkt áfengi samkvæmt símakönnuninni, en ekki nema rúmur helmingur samkvæmt póstkönnuninni. Í henni sögðust fleiri venjulega drekka ýmsar tegundir áfengis í sama skipti.

Á töflu VIII er sýnt hlutfall neytenda, sem svara játandi spurningum um hugsanlega misnotkun. Um 10% í báðum rannsóknunum segjast missa stjórn á drykkjunni eftir tiltekinn glasafjölda, 3-4% telja drykkjuna vera persónulegt vandamál fyrir sig og um 3% hafa leitað meðferðar vegna drykkjuvandamála sinna. Í símakönnuninni segjast aðeins tæp 3% fá sér afréttara eða drekka áfram daginn eftir mikla drykkju á móti tæpum 5% í póstkönnuninni 1984 og er því marktækur munur hér á. Nokkuð ósamræmi er á milli svaranna við þessari spurningu og hve margir drekka heila flösku af sterku áfengi eða meira í hvert skipti. Marktækur munur er á hve miklu fleiri segjast drekka heila flösku af sterku áfengi í hvert skipti í símakönnuninni 1985 en í póstkönnuninni 1984. En svör við öðrum spurningum um misnotkunareinkenni benda í sömu átt og svörin um afréttara, svo og tíðni áfengisfíknar, þ.e.a.s. tíðni þeirra sem hafa öll þrjú einkennin, fá sér afréttara, hafa ekki stjórn á drykkju sinni og telja drykkjuna vandamál fyrir sig.

Á töflu IX sést, að mjög mikil fylgni er á milli jákvæðra svara við þessum spurningum innbyrðis, enda bendir hvert um sig til misnotkunar. Hæst er fylgnin í póstkönnuninni 1984 á milli þess að telja drykkjuna eigið vandamál og að hafa leitað aðstoðar eða hafa önnur einkenni og á milli afréttara og aðstoðar og loks á milli eigin vandamáls og stjórnleysis á drykkjunni og að fá sér afréttara daginn eftir mikla drykkju. Fylgni annarra einkenna um misnotkun við að drekka heila flösku eða meira í hvert skipti er aftur minni, en samt greinileg. Í símakönnuninni er fylgnin milli einkenna yfirleitt svipuð og í póstkönnuninni, þó er fylgni einkenna í henni heldur lægri við það að hafa leitað sér

aðstoðar vegna misnotkunar. Af báðum könnunum sést, að miklu máli skiptir að spyrja fólk hvort það telji sig eiga við áfengisvandamál að stríða.

Tafla VII. *Hlutfallsdreifing neytenda 20-59 ára eftir tegund sem neytt er venjulega og 95% vikmörk.*

| | 1984 | 1985 |
|-----------------------|------------------|------------------|
| Bjór | 2,2 (1,4-3,0) | 0,6 (0,0-1,5) |
| Létt vín | 23,3 (21-25,5) | 21,5 (16,9-26,2) |
| Sterkt áfengi | 53,7 (51,0-56,4) | 65,4 (60,1-70,8) |
| Fleiri tegundir | 20,8 (18,6-23,0) | 12,4 (8,7-16,1) |
| Samtals | 100,0 | 99,9 |
| Fjöldi svara | 2.061 | 492 |
| $\chi^2 = 20,19$ | df = 2 | p ≤ 0,001 |

Tafla VIII. *Hundraðshluti áfengisneytenda 20-59 ára árin 1984 og 1985, sem svara játandi spurningum, sem benda til misnotkunar.*

| | Póst- könnun 1984 | Síma- könnun 1985 | χ^2 | p |
|---|-------------------------|-------------------------|----------|---------|
| a. Stjórnleysi drykkju | 10,3 | 9,8 | 0,094 | e.m. *) |
| b. Fá sér »afréttara« daginn eftir | 4,9 | 2,8 | 4,568 | ≤ 0,05 |
| c. Drykkjan vandamál að eigin mati | 4,0 | 3,2 | 0,877 | e.m. |
| d. Hafa leitað aðstoðar | 3,2 | 2,9 | 0,17 | e.m. |
| e. Drekka venjulega heila flösku af sterku áfengi eða meira ... | 3,8 | 7,3 | 11,615 | ≤ 0,001 |
| »Fíkn« (= a + b + c). | 1,7 | 1,3 | 0,502 | e.m. |

*) e.m. = ekki marktækt.

Tafla IX. *Fylgni milli einkenna, sem benda til misnotkunar á aldrinum 20-59 ára í póstkönnun 1984 (og í símakönnun 1985).*

| | Drekkur > heila flösku í hvert skipti | Eigið vandamál | Stjórn- leysi | Afréttari |
|---------------------|---|-------------------|------------------|------------------|
| Eigið vandamál ... | 0,233 (0,377) | | | |
| Stjórnleysi drykkju | 0,217 (0,265) | 0,437 (0,480) | | |
| Afréttari | 0,215 (0,452) | 0,460 (0,421) | 0,335 (0,288) | |
| Leitað aðstoðar ... | 0,208 (0,090) | 0,544 (0,292) | 0,332 (0,136) | 0,453 (0,177) |

UMRÆÐA

Ýmsar ástæður kunna að liggja til þess að svarhlutfallið í póstkönnuninni var svo lágt 1984 sem raun ber vitni. Meiri hluti þeirra, sem leitað var til, höfðu fengið sömu spurningalistana einu sinni eða tvisvar áður og mátti því búast við þreytu hjá einhverjum þeirra. Raunin var enda sú, að af þeim 13%, sem neituðu að svara, voru hlutfallslega helmingi fleiri í þessum hópi en í hópnum, sem fékk listana í fyrsta sinn 1984. En einnig þarf að taka tillit til þess að síðastnefndi hópurinn er yngri og því e.t.v. fúsari til svars. Ástæðurnar fyrir neitun geta verið ýmsar, svo sem tortryggni eða almenn varkárni gagnvart skoðanakönnunum, eða fólki þykja spurningalistarnir of langir og spurningarnar of margar og of flóknar. Á síðustu 10 árum hefur fjöldi alls kyns kannana með spurningalistum eða símtölum aukist mjög mikið og væri því ekki óeðlilegt að farið væri að gæta almennrar þreytu á slíkum könnunum.

Vegna þess að meiri hlutinn í úrtakinu 1984 var valinn fyrir 10 árum voru fleiri látnir en ella hefði verið, eða 2%, og einnig voru fleiri erlendis eða óstaðsettir, eða 5%. Þá eru eftir 20% sem ekki tókst að ná til. Aðeins er hægt að geta sér til um ástæður þeirra til að svara ekki. Sumir kunna að vera veikir og ekki svara þess vegna, aðrir hirða ekki um að svara af almennu áhugaleysi, tímaleysi eða öðrum ástæðum. Loks eru einhverjir í þessum hópi sem ekki vilja svara af sömu ástæðum og áður eru nefndar. Einnig er vitað úr fyrri rannsóknum (14) að í hópnum sem ekki svarar, eru fleiri misnotendur og stórdrykkjumenn en í hópnum sem svarar.

Árið 1979 var aðeins leitað til þeirra sem höfðu svarað spurningalistanum einu sinni áður. Þá neituðu 7,5% að svara aftur, en ekki náðist til 6%. Brottfluttir og látnir voru 7,7%, svo að alls var brottfallið rúmlega 21% (7). Í fyrstu könnuninni voru tæp 20% sem ekki svöruðu, þar með taldir þeir sem neituðu og ekki náðist til. Það er því ljóst, að fjöldi þeirra sem neita þátttöku eða hirða ekki um að svara spurningalistunum, hefur aukist mjög verulega. Þetta kallar á aðrar aðferðir til samanburðar svo að hægara sé að meta réttmæti niðurstaðnanna. Því var gripið til símakönnunar.

Meginmunurinn á símakönnuninni og póstkönnuninni felst fyrst og fremst í því að svarhlutfallið í póstkönnuninni er mun lægra en í símakönnuninni og innra brottfallið í

póstkönnuninni er í flestum tilvikum mun meira heldur en í símakönnuninni. Í póstkönnuninni er raunúrtakið að visu heldur minna en talið er í töflu I vegna þeirra sem látist höfðu úr elsta hluta úrtaksins. Svarhlutfallið er því í raun heldur hærra en kemur fram í töflunni. Þegar af þessu mætti ætla, að réttmæti niðurstaðna sem fengnar eru með símakönnun sé meira en þeirra sem fengnar eru með póstkönnun, en um áreiðanleika niðurstaðnanna og einstakra svara er erfitt að segja.

Póstkönnunin gefur fólki möguleika á að hugsa um hvert einstakt svar og kannski til þess að vera ærlegra í svörum um það sem er viðkvæmt eða er talið neikvætt heldur en símakannanir og beinar viðtalskannanir gera. Í þeim síðarnefndu hefur fólk e.t.v. meiri tilhneigingu til að fegra sig í augum viðmælanda og til þess að svara fljótfærnislega og með meiri ágiskunum heldur en í póstkönnuninum. Nokkrar ábendingar í þessa veru má sjá af samanburði niðurstaðna þar sem mun færri segjast drekka fleiri en eina tegund í hvert skipti og áberandi fáir í símakönnuninni segjast fá sér afréttara en áberandi fleiri sem segjast drekka hálfu eða heila flösku af sterku áfengi eða meira í hvert skipti. Slík svör gefa til kynna að svarendur vilji annars vegar gera lítið úr drykkju sinni og hins vegar að þeir hafi ekki fyrir að telja saman nákvæmlega það sem þeir drekka og giska á eitthvað sem er fljótlegt. Í hugum flestra er neikvætt að þurfa afréttara daginn eftir mikla drykkju og því hugsanlegt að menn neiti því frekar í óvæntu símtali við einhvern spyril. Þó að munurinn á tíðni annarra einkenna sé ekki tölfræðilega marktækur, er hann í sömu átt, þ.e. lægri í símakönnunum. Hugsanlegt er að skýra meiri neyslu svarenda í símakönnuninni með því að náðst hafi til fleiri stórdrykkjumanna, sem ekki mundu hafa hirt um að svara bréfi.

Ekki er marktækur munur á þeim fjölda sem segist hafa leitað aðstoðar vegna drykkju skv. þessum tveim aðferðum. Hins vegar gefa báðar aðferðir heldur lægri tölu en fram kemur samkvæmt innlagnaskrá (15). Verulegur hluti þeirra, sem segjast hafa leitað aðstoðar í póstkönnuninni geta aðeins um að þeir hafi leitað til AA samtakanna eða göngudeildar.

Ef símakönnunin er notuð til að meta réttmæti þeirra upplýsinga sem fengust með póstkönnuninni sést að í heild er samræmið milli niðurstaðna nokkuð gott. Þó má ætla að hærra svarhlutfall í símakönnuninni 1985 gefi réttmætari upplýsingar um heildarneysluna.

Samanburður á niðurstöðum rannsóknanna frá 1974 og 1984 og samanburður á svörum við einstökum spurningum í hvorri rannsókn, bendir til að áreiðanleiki upplýsinganna um neyslumynstur þeirra sem svara sé allgóður (9). Hvað varðar réttmæti niðurstaðna um heildarneyslu er ljóst, að verulega vantar á að hún sé í samræmi við söluskýrslur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, 40-60% samkvæmt póstkönnuninni og 55-75% samkvæmt símakönnuninni eftir því hvað reiknað er með að hver skammtur sé stór. Hér á landi er einn barskammtur 30 ml en í norrænu áfengiskönnuninni var reiknað með að hann væri 40 ml. Ef sú skammtastærð er notuð, sem líklega er raunhæfara af því að ekki er skammtað nákvæmlega nema á veitingahúsum, verður munur á skráðri sölu og reiknaðri neyslu minni (8). Einnig er ljóst, að niðurstöður bæði síma- og póstkannana gefa lágmarksupplýsingar um fjölda misnotenda og að réttmæti niðurstaðna að því leyti takmarkast mjög af heildarbrottfalli og innra brottfalli við svörum einstakra spurninga í póstkönnuninni og hugsanlega af tilhneigingu til afneitunar í símakönnuninni.

SUMMARY

Methodological problems in population surveys of alcohol use; comparison of postal and telephone surveys.

The results from a postal survey of alcohol use and abuse in Iceland in 1984 are compared to that of a telephone survey in 1985. The latter gave a higher overall response rate with fewer questions left unanswered. But there is a tendency for minimising problems and probably also for guessing and using less precise measures than in the postal survey in order to get over with the interview as fast as possible. Thus, the postal survey may in some respects give better information of the use and abuse of alcohol in spite of lower response rate. But the higher response rate and the manner in which people respond to the telephone survey contributes to a better estimate of the total consumption.

Þakkir: Rannsóknirnar voru framkvæmdar samkvæmt samkomulagi við Áfengisvarnaráð ríkisins. Helgi Tómasson, fil. dr., veitti tölfræðilega ráðgjöf.

HEIMILDIR

1. Pernanen. Validity of survey data on alcohol use. Í: Gibbins RJ, Israel Y, Kalant H, Pophan RE, Schmidt W, Smart RG (eds.). Research advances in alcohol and drug problems. Vol. 1, 355-74. New York. John Wiley & Sons 1972; 1: 355-74.
2. Williams GD, Aitken SS, Malin H. Reliability of self-reported alcohol consumption in a general population survey. J. Studies Alcohol 1985; 46: 223-7.
3. Björkman NM. En jämförelse mellan enkät - och intervjumetodik vid insamling av data om alkoholbruk. Í: Svenska folkets alkoholvaner. Statens offentliga utredningar 1971: 77; 4: 1-4: 15.
4. Plant MA, Miller TI. Disguised and undisguised questionnaires compared: two alternative approaches to drinking behavior surveys. Social Psychiatry 1977; 12: 21-4.
5. Helgason T. Alkoholvaner i Island. Beskrivelse og sammenligning med det øvrige Norden. Alkohol och narkotika 1978; 72: 17-27.
6. Helgason T. Epidemiological studies in alcoholism. Adv Biol Psychiat 1979; 3: 97-112.
7. Helgason T, Ásmundsson G. Prevalence of mental disorders. A five-year follow-up study with questionnaires. Acta Psychiat Scand 1982; 62; Suppl. 285: 60-7.
8. Helgason T, Ólafsdóttir H. Norræn áfengisneyslurannsókn 1979. Læknablaðið 1988; 74: 145-53.
9. Helgason T. Breytingar á neyslu áfengis og annarra fíkniefna 1974-1984. Læknablaðið 1988; 74: 121-7.
10. O'Toole BI, Battistutta D, Long A, Crouch K. A comparison of costs and data quality of three health survey methods: mail, telephone and personal home interview. Am J of Epidem 1986; 124: 317-28.
11. Siemiatycki J. A comparison of mail, telephone and home interview strategies for household health surveys. Am J Public Health 1979; 69: 238-45.
12. Morrison DF. Multivariate Statistical Methods, 2nd edition. Tokyo. McGraw-Hill Kogakuska 1976.
13. Lög nr. 63/1981 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni. Lagasafn 1983, 2142-7. Dómsmálaráðuneytið. Reykjavík 1984.
14. Helgason T. Alkoholmisbrugets epidemiologi. Nord Med 1984; 99: 290-3.
15. Ólafsdóttir H, Helgason T. Innlagnir á meðferðarstofnanir vegna misnotkunar áfengis og annarra vímuefna 1975-1985. Læknablaðið 1988; 74: 165-7.